

Nr. 040 / 11 Sigrún GK 168**Olústífla og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 7168
IMO nr. 0
Smíðaður: Garði 1988 Plast
Stærð: 5,2 brl. 5,4 bt.
Mesta lengd: 8,85 m Skráð lengd: 8,45 m
Breidd: 2,44 m Dýpt: 1,7 m
Vél: Yanmar 93 kW 1995
Fjöldi skipverja: 1



Sigrún ©Alfons Finnsson

Gögn:

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 5. apríl 2011 var Sigrún GK 168 á siglingu til hafnar í Garði. Veður: NV 5 m/sek.

Bátsverjinn hafði orðið var við gangtruflanir í vélinni og þegar komið var inn fyrir Garðskagaflös stöðvaðist hún. Í ljós kom að grófsía á brennsluólíulögninni var stífluð og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst ekki að losa hana frá. Bátsverjinn óskaði eftir aðstoð og Eyja GK 305 dró Sigrúnu GK til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að varasíur voru til um borð en bátsverjinn gat ekki losað síuna þar sem hún hafði verið ofhert þegar hún var sett í. Taka þurfti sæti síunnar í land til að losa hana frá;
- að um var að ræða óhreinindi en ekki gróður.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.